

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulaginu Suðurgata – Hamarsbraut, vegna Suðurgötu 44.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 27. september 2023 breytingu á deiliskipulaginu Suðurgata – Hamarsbraut. Breytingin felst í að núverandi hús á lóðinni verði rifin og í stað þeirra verði byggð 3 hús með 15 íbúðum. Syðst og nyrst á lóðinni er gert ráð fyrir að reisa 2ja hæða einbýlishús en fyrir miðju verður 2-3ja hæða L-laga klasahús. Gert er ráð fyrir 17 bílastæðum í bílageymslu og 4 stæðum á lóðinni. Tillagan að breytingunni var auglýst með athugasemdafresti til 27. ágúst 2023. Athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 13. nóvember 2023.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 27. nóvember 2023